

## Fyrirspurn

til iðnaðar- og viðskiptaráðherra um raforkumál á Norðausturlandi.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvert er mat ráðherra á stöðu raforkumála á Norðausturlandi, þ.e. svæðinu sem háð er raforkuflutningi frá Laxárvirkjun um Kelduhverfi, Öxarfjörð til Kópaskers og Raufarhafnar, um Þistilfjörð og Langanes til Þórshafnar og Langanesströnd allt til Bakka-fjarðar?
2. Eru uppi áform um að bæta úr ónógri flutningsgetu og takmörkuðu afhendingaröryggi kerfisins á fyrrgreindu svæði sem stendur atvinnuuppbyggingu og framþróun fyrir þrifum?
3. Er ráðherra tilbúinn til að skipa starfshóp eða ráðgjafarhóp um raforkumál á þessu svæði, sambærilegan þeim sem sinnt hefur raforkumálefnum á Vestfjörðum síðan 2009?